

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2022, sbr. lög nr. 72/2022.

Frá Ingu Sæland.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 1:</i>			
<b>27 Örorka og málefni fatlaðs fólks</b>			
1. Við 27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)			
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti			
a. Rekstrartilfærslur	650,0	800,0	1.450,0
b. Framlag úr ríkissjóði	650,0	800,0	1.450,0
2. Við bætist nýtt málefnasvið og nýr málaflokkur:			
<b>28 Málefni aldraðra</b>			
<b>28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta. aldraðra</b>			
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti			
a. Rekstrartilfærslur		360,0	360,0
b. Framlag úr ríkissjóði		360,0	360,0

### Greinargerð.

Tillagan felur í sér fjárheimild fyrir 60.000 kr. eingreiðslu í desember 2022 til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, líkt og þeir hafa fengið undanfarin ár, skatta- og skerðingarlaust. Frumvarp ráðherra leggur til að eingreiðslan í ár verði skert um helming, úr 53.100 kr. í 27.772 kr. Það er með öllu óboðlegt að skera niður eingreiðslu til öryrkja um jólin, sérstaklega í ljósi þess að verðlag hefur hækkað svo um munar, auk þess sem útgjöld vegna örorku almannatrygginga eru 4 milljörðum kr. lægri í ár en áætlað var í fjárlögum. Einnig er lagt til að eingreiðsla verði veitt til þeirra 6.000 ellilífeyrisþega sem lökust hafa kjörin sem einnig verði undanþegin skerðingum, enda ljóst að margir ellilífeyrisþegar eru jafn illa settir og efnaminustu öryrkjarnir og algjörlega óverjandi að mismuna að þessu leyti. Lagt er til að fjárhæð eingreiðslunnar hækki úr 53.100 kr. í 60.000 kr. með tilliti til verðlagsþróunar.